

Alþingi  
Efnahags og viðskiptanefnd  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Ísafirði 23. nóvember 2020

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 43. mál, 151. löggjafarþing.**

Mikilvægt er að starfsemi sveitarfélaga raskist sem minnst á meðan heimsfaraldri kórónuveiru stendur. Samtímis sé um leið sé unnið að því að efla innviði og færni íbúa til að geta tekið viðspyrnu þegar faraldurinn er genginn yfir.

Vestfjarðastofa telur að efni tillagna í þingsályktuninni takist á við þann vanda sem við er að etja í rekstri og þjónustu sveitarfélaga undir heimsfaraldri kórónuveiru og styðji við íbúa og nýsköpun.

Vestfjarðastofa telur því mikilvægt að efni tillagnanna fái umfjöllun á Alþingi sem lið í aðgerðum stjórnvalda.

F.h. Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.